

REGLUGERÐ

um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

1. gr.

Greiðslur vegna sjúkratryggðra einstaklinga.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 75% af þjálfunarkostnaði fyrstu 15 skiptin á ári fyrir sjúkratryggð börn og unglinga yngri en 18 ára, einstaklinga með umönnunarkort, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári greiðir Tryggingastofnun ríkisins þjálfunina að fullu út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 50% af þjálfunarkostnaði fyrstu 24 skiptin á ári fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga en eftir það 75% kostnaðarins út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert.

Ef samið er um hærri greiðslur fyrir tilskilda hópa/meðferð greiðir Tryggingastofnun ríkisins að fullu það sem er umfram almennt meðferðargjald sjúklings.

Tilskilinn skiptafjöldi einstaklings til aukinnar hlutdeildar Tryggingastofnunar ríkisins skal staðfestur með útgáfu skírteinis (þjálfunarkorts) sem sækja þarf um til stofnunarinnar. Miðað er við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

2. gr.

Heimasjúkraþjálfun.

Sjúkraþjálfari sem starfar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þarf að sækja fyrirfram um þátttöku stofnunarinnar í kostnaði við heimasjúkraþjálfun. Tryggingastofnun ríkisins greiðir í þessum tilfellum viðbótarstyrk þannig að sjúklingur greiði sama gjald fyrir heimasjúkraþjálfun og vegna sjúkraþjálfunar á stofu, sbr. 1. gr. Tryggingayfirlækni er þó heimilt að samþykka að stofnunin greiði að fullu heimasjúkraþjálfun ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötlun er að ræða.

3. gr.

Hóppjálfun.

Hver tvö skipti í hóppjálfun hjá þjálfara sem starfar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu teljast svára til eins skiptis í annarri sjúkraþjálfun við útgáfu þjálfunarkorts.

4. gr.

Þjálfun á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana.

Greiðslukvittanir þar sem fram kemur staðfesting á skiptafjölda í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun sem veitt er á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana, þ.m.t. Heyrnar- og talmeínastöð, geta nýst til öflunar skírteinis fyrir þjálfun (þjálfunarkorts) enda séu greiðslufjárhæðir svipaðar og þegar um er að ræða sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og tal

Þjálfun, sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert samninga um.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 33. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur tryggingaráðs nr. 153/2002 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.